

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1967.

Nr. 14/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Finnboga Magnússyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Eliassyni skipstjórnum.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1966 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna, og löggiltur endurskoðandi hefur kannað bókhaldsgögn áfrýjanda um skipti aðilja og gert yfirlit yfir viðskiptin.

Stefndi var skipstjóri á v/b Helga Helgasyni, VE 343, sem var eign áfrýjanda, á vetrarvertíð og sumarsildveiðum 1963.

Hér fyrir dómi hefur stefndi sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Inneign vegna sumarsildveiða samkvæmt yfirliti Sigurðar Stefánssonar, löggilts end-

urskoðanda	kr. 65.618.81
2. Kaup fyrir tímabilið 16/6 til 27/6 1963 og ferðakostnaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur	— 3.080.00
3. Greitt án heimildar til Skipstjórafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum	— 500.00
4. Umsaminn aflahlutur og orlof fyrir upphaf sumarsíldveiða 1963	— 58.868.16
5. Fastakaup á vetrarvertíð 1963 ásamt orlofi —	2.927.49

Kr. 130.994.45

Um 1. Þessi kröfuliður er byggður á bókhaldsgögnum áfrýjanda, og virðast aðiljar sammála um réttmæti hans með þeim athugasemdum, sem síðar verður vikið að.

Um 2. Fé þetta er fært stefnda til tekna á yfirliti því, er um ræðir í 1. lið, en jafnframt fært honum til gjalda sem greitt, og byggist það á kvittuðum reikningi stefnda. Stefndi, sem kveðst eigi hafa fengið fé þetta, hefur engin gögn fært fram til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, og verður því þessi kröfuliður eigi tekinn til greina.

Um 3. Áfrýjandi greiddi fé þetta, og er það fært stefnda til skuldar í yfirlitinu, sbr. 1. lið. Stefndi hefur mótmælt heimild áfrýjanda til greiðslu þessa fjár, og þar sem áfrýjandi hefur ekki fært rök fyrir því, að honum hafi borið að greiða það, verður að taka þennan kröfulið til greina.

Um 4. Svo sem rekið er í hinum áfrýjaða dómi, tafðist för v/b Helga Helgasonar á síldveiðar í júnímánuði 1963, þar sem gera þurfti við skipið. Með símskeyti 22. júní 1963 og bréfi 27. s. m. staðfesti áfrýjandi það samkomulag við stefnda, að hann fengi „aflahlut, miðað við meðaltal veiði tveggja aflahæstu skipa sambærileg við Helga Helgason þann tíma, sem skipið tefst frá veiðum vegna viðgerðartafar, eftir að um síldveiðikjör á Vestfjörðum samdist“. Stefndi telur, að hefði skipið eigi verið til viðgerðar, hefði það getað haldið á síldveiðar 14. júní 1963. Hins vegar hafi það eigi verið komið á síldarmiðin fyrr en 1. júlí s. á., þó að lögskráð hafi verið á skipið 27. s. m. Eigi hann því rétt á tiltölulegum

aflahlut þennan tíma og nemi hann eigi lægri fjárhæð en hér er krafið. Áfrýjandi telur hins vegar, að stefndi hafi fallið frá þessari kröfu og reiknað sér aðeins kaup fyrir þetta tímabil, sbr. 2. lið, og fengið það greitt.

Áfrýjandi hefur engin rök að því leitt, að stefndi hafi fallið frá rétti sínum til greiðslu hins umsamda aflahlutar, en laun þau, er um ræðir í 2. lið, eru fyrir vinnu við skipið og skipta hér ekki máli. Aðiljar eru sammála um, að upphafsdagur tímabils þess, er hér skiptir máli, sé 14. júní 1963. Stefndi var lögskráður skipstjóri á skipið 27. s. m. og hélt með það frá Reykjavík þann dag. Á hann ekki rétt á greiðslu þessari fyrir síðari tíma. Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, hefur reiknað aflahlut skipstjóra miðað við meðalafla tveggja skipa, sem talin eru sambærileg við v/b Helga Helgason, fyrir tímabilið frá 14. júní 1963 til og með 27. s. m. Telur hann, að aflahluturinn þannig reiknaður ásamt orlofi nemi kr. 52.152.00. Þykir verða að leggja þetta til grundvallar og taka þennan kröfulið til greina með þessari fjárhæð.

Um 5. Stefndi telur að við reikningsskil á skipstjórالاunum hans eftir vetarvertíð 1963 hafi gleymt að telja honum til tekna samningsbundið fastakaup, sem ásamt orlofi nemi hinni kröfðu fjárhæð. Áfrýjandi telur hins vegar, að öllum viðskiptum þeirra vegna vetrarvertíðarinnar hafi verið lokið og eigi stefndi enga kröfu af þessu efni. Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi engin rök fært fram fyrir þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Áfrýjandi hefur talið, að stefndi hafi auk þeirrar úttektar, sem talin er í fyrrgreindu yfirliti, sbr. 1. lið, á sumrinu 1963 tekið út peninga, samtals kr. 75.136.86, en skilað aftur af því fé kr. 6.464.00. Þá kveðst áfrýjandi hafa orðið að greiða vegna vanskila stefnda dómskuld eina að fjárhæð kr. 34.319.44, er stefnda beri að endurgreiða. Áfrýjandi hefur engin rök fært fram fyrir því, að stefndi hafi mótttekið fé þetta, né að hann hafi borið ábyrgð á dómskuld þessari. Verða þessir frádráttarliðir áfrýjanda því eigi til greina teknir í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 118.270.81 (65.618.81 + 500.00 + 52.152.00) með 7% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Samkvæmt ákvæðum 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 ber að dæma stefnda sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Finnboga Magnússyni, kr. 118.270.81 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 5. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Finnboga Magnússyni skipstjóra, Patreksfirði, með stefnu, útgefinni 2. desember 1963, birtri 3. s. m., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni m/b Helga Helgasonar, VE 343, til heimtu vangoldins aflahlutar og fasta-kaups auk kaups skv. sérstöku samkomulagi við stefnda svo og orlofs fyrir skipstjórn á bátum veturinn og sumarið 1963 að fjárhæð kr. 131.462.67 eða annarri fjárhæð, sem stefndi kynni að sanna réttari, auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. taxta L. M. F. Í. og viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir stefnukröfunum.

Í lok málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr.

130.932.51 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar og viðurkenningar sjóveðréttar, eins og áður segir.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefnandi var um skeið skipstjóri á m/b Helga Helgasyni, VE 343. Á vetrarvertíðinni 1963 var báturinn gerður út frá Patreksfirði og fiskurinn seldur Fiskiver h/f. Um sumarið var báturinn gerður út á síldveiðar og afli lagður upp á Norður- og Austurlandi. Skipið komst ekki á veiðar í upphafi síldveiðitímans vegna þess, að það þurfti að fá viðgerð, og varð að samkomulagi milli aðilja, að stefnandi fengi aflahlut miðað við meðaltal veiði tveggja aflahæstu skipa, sambærilegra við Helga Helgason, allan þann tíma, sem skipið tefðist frá veiðum vegna viðgerðarinnar, eftir að samningar kæmust á um síldveiðikjör á Vestfjörðum. Sá aflahlutur nam með orlofi kr. 58.868.16 samkvæmt vottorði frá Fiskifélagi Íslands, sem stefnandi hefur lagt fram um afla hæstu síldveiðiskipa, sambærilegra við Helga Helgason, á tímabilinu 16. júní til 29. júní 1963.

Samkvæmt framlögðum reikningi yfir stefnukröfuna er hér aðallega um að ræða eftirstöðvar af aflahlut hans og kaupi frá síldarúthaldinu um sumarið 1963 svo og fastakaup frá netjaver-tíðinni 1963, sem nemur með orlofi kr. 2.927.49. Gerð er einnig grein fyrir þeim peningafjárhæðum, sem stefnandi veitti mót-töku af hálfu skipsins frá þeim stöðvum, sem veittu síldaraflanum móttöku, og hvernig því fé var varið.

Stefndi hefur lagt fram viðskiptareikning stefnanda samkvæmt sínu bókhaldi. Sýnir hann mismun stefnanda í hag, er nemur kr. 25.95. Greinir því aðilja mikið á um, hvernig viðskipti þeirra standi. Aflahlutur og kaup stefnanda á síldarúthaldinu ásamt orlofi er reiknað mjög svipað hjá báðum aðiljum, en þó aðeins hærra á reikningi stefnda, og munar þar kr. 58.04. Fæði stefnanda reiknar stefndi 256.00 krónum hærra en stefnandi gerir á sínum reikningi. Svo telur stefndi, að stefnandi hafi veitt mót-töku 306.00 krónum hærri fjárhæð frá síldarbræðslunni á Norðfirði og Hafsilfri en tilfærð er á reikningi stefnanda. Að því leyti, sem nú er greint, viðurkennir stefnandi, að reikningar stefnda séu réttari, og á því byggist lækkan hans á kröfu sinni, en jafnframt hefur hann fært til frádráttar kr. 25.95, eða þá fjárhæð, sem stefndi taldi hann eiga inni, eins og áður er getið.

Ágreiningurinn í málinu er því um eftirfarandi liði:

1. Kaup á vetrarvertíð	kr. 2.927.49
2. Aflahlutur fyrir upphaf úthalds samkv. samn. —	58.868.16
3. Mótteknir peningar	— 69.136.86

Samtals kr. 130.932.51

Um 1. Kaup á vetrarvertíð 1963, kr. 2.927.49.

Samkv. gildandi kjarasamningi átti stefnandi rétt til kaups fyrir utan aflahlut. Stefndi hefur hvorki sýnt fram á, að stefnandi hafi fengið kaup sitt greitt né að upphæðin sé of há. Þessi liður er því tekinn til greina.

Um 2. Aflahlutur, áður en úthald hófst, samkv. samn., kr. 58.868.16.

Þess er getið hér að framan, að svo var um samið milli aðilja, að stefnandi skyldi fá aflahlut á þann hátt, sem fyrr greinir, þann tíma, sem skipið tefðist frá veiðum vegna viðgerðar, eftir að samningar komust á um síldveiðikjör á Vestfjörðum hinn 14. júní 1963. Þetta er ágreiningslaust, enda liggja fyrir skriflegar heimildir. Stefndi telur, að samkomulag þetta hafi fallið niður um haustið og hafi stefnandi gefið í þess stað reikning fyrir kaup yfir tímabilið. Sá reikningur liggur fyrir og ræðir um kaup frá 16/6 til 27/6 1963 að fjárhæð kr. 2.480.00, auk þess er tilfærður á reikningnum ferðakostnaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur, kr. 600.00, þannig að hann nemur samtals kr. 3.080.00, og kemur sú upphæð fram á viðskiptareikningum beggja aðilja. Stefndi kveður það alls ekki rétt, að hann hafi nokkru sinni fallið frá rétti sínum samkv. ofangreindu samkomulagi og umræddur reikningur sé því með öllu óviðkomandi. Kvaðst hann hafa verið kallaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur hinn 16. júní, að því er virðist, til eftirlits eða til vinnu við skipið, sem var þar til viðgerðar, og snerist reikningurinn um kaup frá þeim degi, þar til lögskráð var, en til kaups fyrir þann tíma hafi hann átt fullan rétt samkv. 10. gr. gildandi síldveiðisamnings. Samkv. 11. gr. sama samnings hafi hann einnig átt rátt á ferðakostaði.

Samkvæmt 10. gr. nefnds kjarasamnings skal skipstjóra tryggt kaup samkv. kauptaxta Verkalýðsfélagsins Baldurs að viðbættu 25% álagi, sé hann bundinn við skipið vegna ráðningarsamnings milli veiðitímabila eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið, og samkv. 11. gr. skal hann taka kaup frá og með þeim degi, er ferð hefst, þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, og

skal þá útgerðin einnig greiða ferðakostnað. Verður því ekki séð, að stefnandi hafi með umræddu kaupi og ferðakostnaði fengið annað né meira en það, sem hann átti rétt til samkv. gildandi kjarasamningi. Framvísun reikningsins gefur því enga ástæðu til að ætla, að tilætlunin hafi verið að falla frá ofangreindu samkomulagi. Og þar eð fleira hefur ekki komið fram, er til þess bendi, verður litið svo á, að samkomulagið hafi eftir sem áður verið í fullu gildi.

Útreikningur aflahlutarins hefur ekki sætt sérstökum andmælum, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 3. Mótteknir peningar, kr. 69.136.86.

Samkv. reikningum stefnanda veitti hann móttöku af hálfu skipsins á ýmsum stöðum á Austurlandi svo og á Siglufirði samtals kr. 400.500.00 af andvirði síldaraflans. Undir rekstri málsins upplýstist, að fjárhæð þessi átti að hækka um kr. 306.00, eins og áður getur. Hafi hann því móttekið samtals kr. 400.806.00. Jafnframt lagði hann út allmikið fé fyrir útgerðina og gerði skil á eftirfarandi hátt:

Kvittanir og reikningar afhentir Pólstjórnunni,

Siglufirði	kr. 114.000.00
Kvittanir og reikn. afhentir stefnda skv. kvittun —	45.136.86
Kvittun afhent stefnda	— 3.080.00

Samtals kr. 162.216.86

Á reikningi stefnda eru færslur á annan veg. Talið er, að stefnandi hafi móttekið af síldarandvirði kr. 310.806.00 og afhent kvittun fyrir kaupi að fjárhæð kr. 3.080.00. Að öðru leyti tilgreinir reikningur stefnda einungis aflahlut, kaup og fæði stefnanda á síldveiðunum um sumarið og er að því leyti að mestu samhljóða reikningi stefnanda, eins og áður er getið. Á reikningi stefnda koma ekki fram þessir liðir, sem fram koma á reikningi stefnanda:

Mótteknir pen. hjá Pólstjórnunni, Siglufirði . . .	kr. 90.000.00
Skil til sama fyrirtækis skv. því, sem áður segir —	114.000.00
Skil til stefnda sjálfs	— 45.136.86

Tveir síðari liðirnir samanlagðir að frádregnum hinum fyrsta gera kr. 69.136.86.

Kvittun liggur fyrir frá stefnda sjálfum, sem ber með sér, að stefnandi hafi afhent honum skilríki fyrir, að hann hafi greitt

til skipverja og í þágu skipsins kr. 45.136.86. Undir rekstri málsins hefur stefndi ekki sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi afhent Pólstjörnunni kvittanir og reikninga yfir útborganir í þágu útgerðarinnar að fjárhæð kr. 114.000.00 og að sjálfsögðu ekki heldur, að stefnandi hafi móttekið þar kr. 90.000.00 í peningum. Verður því gengið út frá, að reikningar stefnanda séu réttir að þessu leyti. Leiðir þetta til þess, að ofangreind fjárhæð, kr. 69.136.86, verður ekki dregin frá kröfum hans.

Í málarekstrinum tínir stefndi margt fram til þess að sýna fram á, að stefnandi og Fiskiver h/f á Patreksfirði, er hann telur eign stefnanda, hafi á ýmsan hátt bakað honum tjón með því að vanefna samningsskyldur sínar. Ekki hefur hann þó sett fram ákveðnar kröfur í því sambandi, og verður því ekki frekar farið inn á þau atriði hér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða honum kr. 130.932.51 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 16.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Finnboga Magnússyni, kr. 130.932.51 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.